



Mjólkursamsalan ehf

Speninn



Mjólk í sérflokk

25. mars 2014

Átakið „aukin fita í mjólk“ gengur vel.

Þegar er búið að heimsækja um 80 mjólkurbú. Flest búin hafa sett sér markmið um að auka magn mjólkur og hlutfall efnabáttá. Mörg bú hafa sent sýni í fóðurmælingu til að byggja fóðuráætlun á en þó ekki nærri öll.

Mikilvægt að halda mjólkurhúsi þrifalegu

Til þess að geta haldið mjólkurhúsi þrifalegu er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga:

- Passa upp á að engir óviðkomandi hlutir séu geymdir þar inni.
- Hver hlutur hafi sinn stað, ekkert lauslegt á gólfi svo ekki safnist óhreinindi undir og til að auðveldara sé að þrifa.
- Það þarf að vera til staðar slanga með rennandi vatni sem nær út í öll horn ásamt vaski til handþvotta.
- Föt og annað sem ekki má blotna á ekki að geyma í mjólkurhúsi. Það þarf alltaf að vera hægt að skola tank að utanverðu, gólf og vegg.

Mjaltir þrisvar á dag

Með því að mjólka kýrnar þrisvar á dag má vænta verulegrar framleiðsluaukningar með sömu kúm og sömu aðstöðu. Þá lagast yfirleitt júgurheilbrigði í fjósum þar sem mjóltum er fjölgað í þrjár í stað tveggja. Vegna framangreindra kosta er þessi aðferð við mjaltir mikið stunduð erlendis og er vaxandi.

Til umhugsunar!

Efnainnihald viðmiðunarmjólkur fyrir hvert verðlagsár er reiknað vegið meðaltal efnainnhalds undanfarinna þriggja ára eða 36 mánaða. Þannig er vegið meðaltal árána 2011, 2012 og 2013 4,12% fita og 3,33% prótein sem gildir sem viðmiðunarmjólk fyrir árið 2014.

En þetta kallar á vinnu á öðrum tímum og annarskonar vinnubrögð svo sem:

- Mjólka þarf allar kýr á 8 tíma fresti.
- Gefa þarf kúnum lengri undirbúningstíma en venja er þ.e. meiri örvun.
- Stilla þarf flæðið sem stýrir aftökurum upp, þ.e. skilja meira eftir í kúnum en gert er við tvær mjaltir daglega.

Varlega má áætla 15% aukningu á búum þar sem meðalafurðir eru nokkuð háar en skýringin felst í því að létta af júgurþrýsting, sem eðlilega er meiri í kúm sem eru spenntari.

Ef tekið er mið af kúabúi sem framleiðir 200.000 lítra á ári gæti þetta þýtt um 30 þúsund lítra aukningu en hún yrði trúlega enn meiri. Þetta magn svarar til tæpra 2,5 milljóna króna í veltuaukningu, m.v. núverandi verð á umframmjólk.

Stilling mjólkurmæla er mikilvæg
Mjólkurmælar geta vanstillst og er mikilvægt að þeir séu yfirfarnir og stilltir árlega svo fóðuráæltanir byggji á réttum forsendum.

Gefðu skítinum einkunn!

Með því að meta skítinn frá kúnum má fá mjög mikilvægar upplýsingar um næringarástand þeirra, þ.e.a.s. hvort fóðrið er rétt fyrir kýrnar, hvernig vambarstarfsemi þeirra er og heilsa. Þetta er gert með afar einföldum aðferðum, tekur einungis nokkrar mínútur. Mat þetta byggir á því að skoða litinn, áferðina og innihald skítsins.

- Liturinn.** Hluti af því að skoða skítinn er að læra að þekkja útlit hans. Liturinn breytist t.d. eftir því á hvaða fóðri kýrnar eru, flæðihraða fóðursins í gegnum meltingarveginn, heilsu gripanna og svo framvegis. Í raun er það ekki liturinn sjálfur sem skiptir máli heldur það að allar kýrnar, sem eru á eins fóðri, hafi sem líkastan lit á skítinum. Sé ekki um slíkt að ræða, bendir það til vandamála. Algengt viðmið er að 95% af kúnum sem fá sama fóður hafi sem líkastan skít.
- Áferðin.** Þegar talað er um áferð skítsins er það í raun útlit dellunnar sem kýrin hefur skilið eftir. Nokkuð misjafnt er eftir löndum hvernig skítinum er gefin einkunn fyrir áferð en oftast er þó viðmiðið eins, hvað snertir það hvernig skíturinn á að vera. Matið byggir oft á því að skoða 3-4 dellur á hverjar 10 kýr (af handahófi) og gefa útlitinu einkunn á bilinu 1-5 þar sem 3 er sú einkunn sem að er stefnt. Hér er dæmi um einfaldan einkunnarskala:
 - Áferðareinkunn 1.** Skíturinn er afar þunnfljótandi eins og hálfgerð súpa og rennur út. Myndar ekki

hringlaga dellu og getur jafnvel verið loftblandinn.

- Áferðareinkunn 2.** Dellan nær ekki að hlaðast upp og rennur auðveldlega út.
 - Áferðareinkunn 3.** Dellan nær að hlaðast, er hringlaga, ætti ekki að festast á stígvélinu (sýgur sig ekki fast á stígvélið þegar gengið er en umlykur það), en stígvélasólinn ætti ekki að sjást þegar gengið er í þessari dellu, heyrir létt „plopp“ hljóð.
 - Áferðareinkunn 4.** Dellan er þykk og loðir ekki við stígvél. Hún hleðst upp í haug, er hringlaga. Hæð fingurlengd eða meira, stígvélasólinn festist í dellunni. Það heyrir áberandi „klessuhljóð“ þegar hún lendir á gólfinu.
 - Áferðareinkunn 5.** Skíturinn líkist hrossataði.
3. **Innihaldið.** Næsta skref er svo að skoða hvað er í skítinum. Væntingar til innihaldsins eru þær að fóðurleifarnar séu smáar og að lengd stránna sé stutt (innan við 1 cm). Lítið sem ekkert ætti að vera af ómeltu korni í skítinum sé jórtrunin í lagi og virkni meltingarvegarins eðlileg.

Leiðrétting !

Í síðustu útgáfu Spenans misritaðist krónutalan fyrir fitueiningu í öðru tilfellinu undir Gott að muna. Rétt er þetta eftirfarandi:

Greiddar eru 10,0632 kr á hverja fitueiningu og 12,4505 kr á hverja próteineiningu.

10,0632 · F% + 12,4505 · P% = kr á lítra mjólkur!